

Nr. 095/ 10 Herjólfur***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2164
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 15



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS
Slysaskýrsla frá skipi

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. maí 2010 var Herjólfur við bryggju í Þorlákshöfn.

Skipverji var að vinna við lestun og sjóbúnað farms og var hann að draga gámastól undir einn vagninn þegar hann rann til á fiskslori sem lekið hafði úr vagni. Við fallið bar hann fyrir sig hægri hönd og í ljós kom að vöðvi rifnaði í henni.

Við rannsókn kom fram:

- að gámastóllinn er um 80 til 100 kg að þyngd með sléttri járnplötu í botni;
- að sögn bátsmanns er það mjög algengt að það leki úr flutningavögnum niður á þilfarið. Oftast sé þetta vatn úr bráðnandi ís og stundum slorvatn en verst sé að fá leka úr vögnum sem flytja lifur þar sem lýsið úr henni sé ekki betra en olía;
- að í 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008 um hleðslu, frágang og merkingu farms segir að þegar lekið getur úr farmi flutningavagna skuli vera safnþró eða safngeymir í farmrýminu fyrir lekann;
- að sögn fulltrúa Vegagerðarinnar er reglulega kannaður áspungi flutningabíla og þá er einnig athugað ástand safngeyma og við ófullnægjandi frágang er beitt sektum. Annars er eftirlit með ófullnægjandi frágangi farms í höndum lögreglu. Lekavarnarbúnaður er ekki skoðunarskyldur samkvæmt gátlista skoðunarstöðva BKS 1.100 en hann er meðfylgjandi skoðunarvottorði ökutækis.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að ekki var stætt við vinnuna á þilfarinu vegna óþrifa úr farmi.